

STARFSLEYFI

Suðurverk hf.

Malar og sandmám

Efnistökusvæði E17 við Köldukvísl, Ásahreppi
851 Hella

kt. 520885 0219

Nafn og kt. rekstraraðila: **Suðurverk, kt. 520885 0219**

Heimilisfang: **Hlíðarsmára 6, 201 Kópavogur**

Útgáfudagur: 8. júlí 2022

Gildir til: 30. desember 2023

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, laga nr. 93/1995 um matvæli msbr., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir grjótvinnslu á efnistökusvæði E17 við Köldukvísl í Ásahreppi
dags. 8. júlí 2022**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út tímabundið til 30. desember 2023 en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65a, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 8. júlí 2022

Stella Mörm

Stella Hrönn Jóhannsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR grjótvinnslu á efnistökusvæði E17 við Köldukvísl, Ásahreppi

Suðurverk hf.

kt. 520885 0219

Hlíðarsmára 6, 201 Kópavogur

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir vinnslu allt að 30.000 m ³ af föstu efni á svæði sem skilgreint er sem efnistökusvæði E17 í aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Efnistökusvæðið er staðsett við Köldukvísl um 2 km neðan Sprengisandsleiðar. Efnið sem unnið er úr efnistökusvæðinu verður notað til lagfæringar á ölduvörn Þórisóstíflu. Auk vinnslu efnis tekur starfsleyfið til flokkunar, flutnings og haugsetningar allt að 40.000 m ³ af lausu efni á afmörkuðu svæði við Þórisóstíflu. Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði vegna ofangreinds eru gefin út tímabundið og gilda til 30. desember 2023.	550/2018 5. gr.	
1.2	Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.3	Starfsleyfishafi skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykka notkun fasteigna. Jafnframt skal starfsleyfishafi sjá til þess að farið sé að öllum skilyrðum sem fram koma í niðurstöðum umhverfismats, hafi það farið fram, fyrir mælum í framkvæmdaleyfi viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar og ákvæðum starfsleyfisskilyrða þessa við frágang efnistökusvæðis.	550/2018 6. gr.	